

Sp. 50. Tillaga til þingsályktunar [43. mál]
um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Flm.: Magnús Jónsson, Karl Kristjánsson, Bjartmar Guðmundsson,
Friðjón Skarphéðinsson, Gísli Guðmundsson, Jónas G. Rafnar,
Björn Jónsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fá úr því skorið, hvort ekki sé arðvænlegt að koma upp verksmiðju til vinnslu kísilgúrs úr Mývatni, og kanna þá jafnframt, hverjar leiðir séu heppilegastar til þess að tryggja fjárhagsgrundvöll þeirrar verksmiðju.

Greinargerð.

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að því á vegum raforkumálastjórnarinnar og rannsóknaráðs ríkisins að rannsaka, hvort ekki geti verið arðvænlegt að vinna kísilgúr úr Mývatni. Jafnframt hefur atvinnumálanefnd ríkisins haft það mál til meðferðar, og í fjárlögum hefur verið veitt fé til þessara rannsókna. Hafa bæði innlendir og erlendir sérfræðingar haft þessar rannsóknir með höndum, og enda þótt veigamikil atriði séu enn ekki fullrannsökuð, benda rannsóknirnar ótvírætt í þá átt, að arðvænlegt muni vera að vinna kísilgúr í úrvalsflokkum úr Mývatni.

Í sambandi við slíka efnavinnslu er að sjálfsögðu eigi aðeins stofnfjáröflun og góð rekstrarafkoma á pappírnum, sem máli skiptir, heldur ekki hvað sízt trygging markaða fyrir framleiðsluna. Erlendir aðilar, sem bæði hafa aðgang að fjármagni og mörkuðum, hafa sýnt mikinn áhuga á málinu. Ekki skal á þessu stigi málsins um það dæmt, hvort rétt sé að koma verksmiðjunni upp í samvinnu við þá aðila, en málið er ótvírætt á því stigi, að brýn nauðsyn er að gera nú þegar þá loka-könnun á hráefninu, sem óhjákvæmileg er talin til þess að fullreyna gæði þess, en þær athuganir verða ekki gerðar, nema ríkisstjórnin veiti þeim stofnunum, er að málinu vinna, aðstoð til öflunar fjármagns með einhverjum hætti. Sjálfsagt er einnig að kanna sem skjótast þær hugmyndir, sem fram hafa verið settar um aðild að byggingu og rekstri kísilgúrverksmiðju.